


# BREYTING Á AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008-2020

## Breytt lega Hringvegur um Berufjarðarbotn - veglína Z



### GREINARGERÐ

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykki að eftirfarandi breytingu á gildandi Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 að:

**Lega Hringvegur um Berufjarðarbotn verði samkvæmt veglínunni Z í stað núgildandi veglínna.**

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 segir að innan sveitarfélagsins sé ástand Hringvegur í þokkalegu horfi. Í mati á umhverfisáhrifum Axarvegur (939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn dags. 1. mars 2011 kemur fram að á 8,3 km kafia núverandi Hringvegur um Berufjarðarbotn sé ekki bundið slitlag og þar sé umferðaröryggi ábótavant.<sup>1</sup> Í matsskýrslu kemur fram að vegurinn kjúfi jarðinnar Hvannabrekku og Berufjörð að endilöngu og á honum séu krappar beygjur, brattar brekkur og einbreið brú, auk þess sem hæðarlega vegarins sé mjög slæm og umferðaröryggi ábótavant.

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020, sem staðfest var 24. febrúar 2010, er lögð áhersla á að stofnvegakerfi innan sveitarfélagsins verði komið í gott horf hvað varðar gæði og öryggi, svo sem með lagningu bundins slitlags á malarköflum og afnámi einbreiðra brúa. Til að mæta þessum markmiðum var í skipulaginu sýnd breytt lega Hringvegur um Berufjarðarbotn og mörkuð sú stefna að Hringvegur tengist fyrirhuguðum Axarvegi með T-vegamótum, þar sem Axarvegur er ráðandi vegur. Í kjölfar viðræðna Djúpavogshrepps og landeigenda<sup>2-3</sup> var veglína Hringvegur breytt og fól breytingin í sér færslu hennar til austurs. Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun 5. febrúar 2014.

Í bréfi landeigenda í Berufjörð, dags. 20. apríl 2015 er gildandi veglína Hringvegur um Berufjarðarbotn harðlega mótmælt. Skorað er á sveitarstjórn Djúpavogshrepps að breyta legu hennar og vilja landeigendur að vegurinn verði lagður „samkvæmt tillögu Q eða Z“, eða svo langt út í firðinum sem Vegagerð ríkisins telur mögulegt<sup>4</sup>. Þá leggjast landeigendur gegn því að Hringvegur um Berufjarðarbotn tengist Axarvegi með T-vegamótum.

Bréfið markaði tímamót því í fyrsta skipti voru allir landeigendur Berufjarðar sammála um val á veglínunni Hringvegur um Berufjarðarbotn<sup>5</sup> og þar með hafði náðst samhljóða niðurstaða hjá öllum landeigendum fyrir botni Berufjarðar. Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti á fundi 7. maí 2015 að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við Vegagerðina um mögulega breytingu á gildandi aðalskipulagi. Á fundi sveitarstjórnar 11. júní 2015 var samþykkt að gera breytingu á aðalskipulagi í þá veru að Hringvegur um Berufjarðarbotn fylgi veglínunni Z í stað gildandi veglínna. Í bókun sveitarstjórnar segir: „Í trausti þess að undirritun og yfirlýsing landeigenda í áðurgreindu bréfi standi, fellst sveitarstjórn Djúpavogshrepps á breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 í þá veru að í stað núgildandi veglínna sem staðfest var af Skipulagsstofnun 5. febrúar 2014, muni veglína verða færð til þess sem merkt er Z í matsskýrslu Vegagerðarinnar frá mars 2011, þó með þeim fyrirvara að hnika gæti þurft veglínunni eitthvað litlisháttar þegar niðurstöður rannsóknna vegagerðarinnar sem nú fara fram á framkvæmdarsvæðinu, liggja fyrir.“

Í fyrrgreindri matsskýrslu kemur fram að upphaf veglínna Z sé í grennd við Reiðeyri og að veglínna þveri Berufjörð á grjótvörðum fyllingum á um 0,88 km löngum kafia. Á um 220 m kafia mun veglínna fara yfir leirur í botni fjarðarinnar. Þá er gert ráð fyrir að við stöð 400 verði byggð a.m.k. 50 m löng brú<sup>7</sup>, sem muni tryggja full vatnsskipti sjávarfalla og óhindrað rennsli Berufjarðarár til sjávar. Þá kemur fram í bréfi Vegagerðarinnar dags. 24. ágúst 2015<sup>8</sup> að brúarop sé miðað við straumálagn en ekki vatnsskipti. Miðað sé við straumhraða 2,0 m/sek og sú viðmiðun leiði til mun stærra brúaröps en þarf til að tryggja óbreytt vatnsskipti. Norðan við fjörðinn kemur veglínna á land rétt innan við Staðreyri og á landi mun hún fylgja eyrinni að utanverðu, þar sem undirlag er flöt árkelia Svartagilslækjar. Veglínna mun svo falla saman við núgildandi skipulagslínu í nágrenni Stekkalækjar (sjá einnig skipulagsupprátt).

Í áltíti Skipulagsstofnunar dags. 15. apríl 2011 segir að veglína Z „komi til með að hafa verulega neikvæð áhrif á landslag og ásynnd svæðisins vegna umfangs vegar og varanleika áhrifa“. Ennfremur segir í álitinu að stofnunin telji að veglínna muni hafa „verulega neikvæð og óafturkræf áhrif á leirur og fugla“. Sveitarstjórn Djúpavogshrepps er fyllilega meðvitund um neikvæð áhrif breyttrar veglínna um Berufjarðarbotn. Tilgangur breytingarinnar er að koma til móts við sjónarmið landeigenda á svæðinu og vonandi komast hjá margvíslegri óvissu sem gæti fylgt eignarnámi sem að öllu óbreyttu liggur fyrir. Þá leggur sveitarstjórn áherslu á að Axarvegur verði ráðandi vegur, enda hafa kannanir<sup>9</sup> rennt stöðum undir að meðalumerfð um Óxi væri mun meiri en meðalumerfð um norðanverðan Berufjörð ef sá fyrrenfdni yrði bættur.

### Breyting á aðalskipulagsupprætti

Fyrirhuguð veglína Hringvegur um Berufjarðarbotn í gildandi aðalskipulagi frá vegamótum við Axarveg að stöð 17200 fjarlægð og ný Hringvegur (veglína Z<sup>10</sup>) sett inn í hennar stað.

### Tengsl við aðrar áætlanir

Breytingin hefur ekki áhrif á aðrar skipulagsáætlanir en Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 og er í samræmi við þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011 - 2022.

### Kynning og samráð

Þar sem hér er um verulega breytingu á aðalskipulagi að ræða fellur hún undir lög um umhverfismat áætlananna nr. 105/2006 m.s.b. og var lýsing á breytingunni kynnt á íbúafundi á Djúpavogi 25. júní 2015. Veittur var frestur til og með 10. júlí 2015 til að skila ábendingum. Engar ábendingar bárust. Sveitarstjórn samþykkti lýsingu á fundi 14. júlí 2015 og tveimur dögum síðar var lýsingin send Skipulagsstofnun, Minjastofnun, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Veðimálastofnun til umsagnar. Svör bárust frá Skipulagsstofnun, Minjastofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni á tímabilinu 20. júlí til 10. ágúst 2015. Þá bárust svör við umsögn Umhverfisstofnunar frá Vegagerðinni 24. ágúst 2015.

Aðalskipulagsbreytingin ásamt umhverfisskýrslu var samþykkt á fundi sveitarstjórnar 29. september 2015. Tillagan ásamt umhverfisskýrslu var svo auglýst í Lögbirtingablaðinu og Fréttablaðinu 14. október 2015 og var frestur til athugasemda til og með 25. nóvember 2015. Þráð athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Sveitarstjórn samþykkti endanlega tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 ásamt umhverfisskýrslu og umsagnar við athugasemdum á fundi sínum 10. desember 2015. Þá var jafnframt samþykkt að óska eftir staðfestingu Skipulagsstofnunar.

### Umhverfisskýrsla

Í umhverfismati eru áhrif vegagerðar metin á landslag, gróðurfar, fugla, vatnalíf í fjöru og leiru, fornminjar og hjóðvíst.


Niðurstaða umhverfismats sýnir að gera megi ráð fyrir að breytt lega Hringvegur um Berufjarðarbotn hafi neikvæðari umhverfisáhrif hvað varðar leiru í botni fjarðarinnar og það fuglalíf sem þar þrífst. Á móti taki hún tillit til óska landeigenda um breytta legu vegarinnar og þannig er vonast til að komast megi hjá þeirri óvissu fylgri eignarnámi, sem að öllu óbreyttu liggur fyrir.

Til að sporna við neikvæðum umhverfisáhrifum leggur sveitarstjórn á það ríka áherslu að framkvæmdir fari fram í eins mikilli sátt við umhverfið og frekast er unnt og frágangur sé í fullu samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Djúpavogshrepps, sbr. skipulagslög nr. 123/2010.

### Heimildir



- Helga Aðalgeirsdóttir, Magnús Björnsson og Sóley Jónasdóttir. Axarvegur (939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn. Mat á umhverfisáhrifum - Matsskýrsla. Vegagerðin, mars 2011.
- Mannvít verkfræðistofa. Minnisblað - Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn. Dags. 3. október 2013. Viðar Jónsson.
- Vegagerðin - tölvupóstur frá Helgu Aðalgeirsdóttur dags. 30. september 2013.
- Tillögur Q og Z voru meðal fimm veglína sem Vegagerðin gerði tillögur að um Berufjarðarbotn og lagt var mat á í fyrrgreindri matsskýrslu Vegagerðarinnar frá mars 2011.
- Fundargerðir frá fundum landeigenda Berufjarðar og fulltrúa sveitarfélagsins dags. 19. febrúar 2010 og 28. október 2014 sýna ólíkar áherslu landeigenda varðandi val á umræddri veglínunni.
- Helga Aðalgeirsdóttir, Magnús Björnsson og Sóley Jónasdóttir. Axarvegur (939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn. Mat á umhverfisáhrifum - Matsskýrsla. Vegagerðin, mars 2011. Vegagerðin uppfærði veglínuna 18. júní 2015 og sendi oddvita Djúpavogshrepps 22. júní 2015.
- „Skv. frumhönnun frá 2010 á leiðum um Berufjarðarbotn var gert ráð fyrir 50 m langri brú á veglínunni Z m.v. full vatnsskipti undir brúna. Lengd brúar gæti e-ð breyst við frekari hönnun og nðkvæmari djúptarmælingar.“ Vegagerðin - tölvupóstur frá Sveini Sveinssyni dags. 22. júní 2015.
- Vegagerðin - viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar um leið Z um Berufjarðarbotn, umsögn frá 10.08.2015. Tölvupóstur frá Kristjáni Kristjánssyni.
- Fríðleifur Ingi Brynjásson. Berufjörður - Umferðarkönnun 2008 - fimmtudaginn 17. júlí, laugardaginn 19. júlí. Vegagerðin, febrúar 2009.
- Vegagerðin. Hringvegur um Berufjarðarbotn. Yfirlitsmynd (veglínur 1u4-004/1u5-101). Dags. 18. júní 2015.



### SKÝRINGAR:

- STADFEST VEGLÍNA HRINGVEGAR UM BERUFJARÐARBOTN
- NÚVERANDI VEGIR
- REIÐLEIÐ
- JARÐAMÖRK, ÓNÁKVÆM
- EFNISTÖKUSVÆÐI
- VÖTN, ÁR OG SJÓR
- LANDBÚNAÐUR
- SKÓGRÆKTARSVÆÐI
- HVERFISVERND
- BÆJARSTÆÐI
- KIRKJA (K) KIRKJUGARÐUR
- SAFN (S)

## AÐALSKIPULAG DJÚPAVOGSHREPPS 2008-2020 M: 1:50.000 - Breyting á aðalskipulagi - Staðfest 5.2.2014



### SKÝRINGAR:

- AFMÖRKUN BREYTTAR VEGLÍNU HRINGVEGAR UM BERUFJARÐARBOTN
- NÚVERANDI VEGIR
- REIÐLEIÐ
- JARÐAMÖRK, ÓNÁKVÆM
- EFNISTÖKUSVÆÐI
- VÖTN, ÁR OG SJÓR
- LANDBÚNAÐUR
- SKÓGRÆKTARSVÆÐI
- HVERFISVERND
- BÆJARSTÆÐI
- KIRKJA (K) KIRKJUGARÐUR
- SAFN (S)

## BREYTING Á AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008-2020 M: 1:50.000 Breytt lega Hringvegur um Berufjarðarbotn - veglína Z

### SAMÞYKKT OG STAÐFESTING

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Djúpavogshrepps

þann 10/12 2015

Göngu Jónsdóttir  
Sveitarstjórn  
Djúpavogshrepps

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann 8. janúar 2016  
Hafdis Hafslíðadóttir  
Björni Þ. Arnarson  
Skipulagsstofnun

TGI  
TEIKNISTOFA  
GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR

skipulagsáætlanir • svæðis-aðal-hverfa-  
og deiliskipulag • umhverfismat •  
húsakannanir • uppælingar •  
hönnun bygginga og ráðgjöf

TJARNARGÖTU 4, 4. HÆÐ, 101 REYKJAVÍK  
sími: 5627750 gsm: 8980381  
netf.: tgi@tgi.is vefsíða: www.tgi.is

arkitektar: Guðrún Jónsdóttir ark.fal.  
Ragnheiður Ragnarsdóttir ark.fal.  
Páll Jakob Lindal

liffraðingur og dr. í Umhverfis-sálarfræði

TILLAGA AÐ AÐALSKIPULAGSBREYTINGU  
M: 1:50.000 A2 - DAGS.: 25. JÚNÍ 2015,  
7. SEPT., 29. SEPT. og  
12. OKT. og 9. DES. 2015

UNNIÐ FYRIR: DJÚPAVOGSHREPP